

Austurbrú ses. – 9. stjórnarfundur
haldinn kl. 16, þriðjudaginn 25. september 2012
að Miðvangi 2-4 í fundarsal AFLs

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Sverrir Mar Albertsson, Skúli Björn Gunnarsson, Anna Dóra Helgadóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Þórunn Eymundardóttir. Arnbjörg Sveinsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs
2. Starfsmannamál
3. Fjármál
4. Aðalfundur SSA 14.-15. september
5. Innri málefni Austurbrúar og húsnæðismál
6. Stefnumótun og hópefli
7. Umsóknir um stöðu framkvæmdastjóra
8. Önnur mál

Formaður setti fund kl. 16.00 og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs

Fundargerðir tveggja framkvæmdaráðsfunda og 8. stjórnarfundar staðfestar og undirritaðar. Einnig var undirrituð yfirlýsing stjórnar vegna umsóknar til mennta- og menningarmálaráðuneytis þess efnis að Austurbrú fái viðurkenningu ráðuneytisins sem fræðsluaðili líkt og Þekkingarnetið hafði.

2. Starfsmannamál

Valdimar byrjaði á að þakka Sverri og Önnu Dóru fyrir þeirra störf við framkvæmda- og fjármálastjórnun stofnunarinnar síðustu vikur en mikið hefur mætt á þeim. Sverrir Mar gerði grein fyrir stöðu starfsmannamála en hann hefur verið í viðtölum við starfsfólk og búið er að ljúka gerð nýrra ráðningarsamninga við flesta. Gengið er út frá sömu launatöflu fyrir alla og reiknuð út persónustig miðað við samninga Fræðagarðs innan BHM.

Sverrir Mar fór yfir umræðu sem varð milli fulltrúa fagsviða og framkvæmdaráðs um skipurit og röðun starfa á fagsvið. Kominn er sameiginlegur skilningur á því hvernig þessi röðun starfa innan stofnunarinnar á að vera. Sverrir mun leggja fyrir næsta stjórnarfund til afgreiðslu skjal sem skýrir skipulagið sem og skýrslu um ráðningarferlið og starfslýsingar.

3. Fjármál

Anna Dóra gerði grein fyrir sínum störfum með Katrínu Maríu við að koma á samþykktarferli á reikningum og er það farið að virka og verður með öllu rafrænt áður en langt um líður. Þær hafa einnig unnið í að teikna upp alla vinnuferla þar sem gengið er út frá því að allir reikningar og launamál fari gegnum Katrínu Maríu áður en þeir fara til Skrifstofuþjónustu Austurlands.

Anna Dóra lagði fram drög að stofnefnahagsreikningi fyrir Austurbrú 1. júní 2012. Hann er langt kominn enda liggja nú fyrir árschlutauppgjör frá öllum stofnunum.

4. Aðalfundur SSA 14. – 15. september

Valdimar sagði frá kynningunni sem var á Austurbrú á SSA fundinum á Borgarfirði. Kynningin tókst vel en Skúli Björn flutti hana fyrir hönd stjórnar og síðan kynntu fulltrúar fagsviðanna sig og sín svið. Fulltrúar fagsviðanna sátu ekki allan fundinn og kom gagnrýni á það. Stjórn tekur undir að æskilegt sé að fulltrúar fagsviðanna sitji allan aðalfund SSA í framtíðinni.

Á aðalfundinum voru kynningar á mögulegum IPA-styrkjum og Sóknaráætlun landshluta sem byggja m.a. á Ísland 20/20. Einnig var góður fyrirlestur um markaðssetningu landshluta sem vakti athygli sem og erindi um tækifærin vegna olíuleitar á Drekasvæðinu.

Skúli Björn vakti máls á því að mikilvægt væri að SSA og Austurbrú huguðu sem fyrst að því að hvernig Austurland gæti tryggt sér góðan hlut í þeim 400 m.kr. sem eiga að koma aukalega til landshlutanna á næsta ári í verkefni á sviði ferðaþjónustu, menningarmála og atvinnumála. Einnig sagðist hann telja brýnt að huga að því að nýta forskotið sem Austurbrú hefur gefið landshlutanum til að Austfirðingar verði fyrstir til að setja þessi mál öll í einn samning við ríkið. Aðrir stjórnarmenn tóku undir þetta og töldu þessi mál verða að komast á fullan skrið um áramót.

Vegna IPA-styrkja samþykkir stjórn að setja það í hendur framkvæmdaráðs og fulltrúa fagsviða að koma með tillögur að verkefnum sem sótt verði um. Fulltrúarnir hittist áður en þeir fara á námskeið vegna IPA styrkjanna sem verður 4.-5. okt. Tillögur um verkefni til að sækja um verði teknar til afgreiðslu á stjórnarfundum Austurbrúar fyrir miðjan október en umsóknunum þarf að ljúka fyrir 30. nóvember.

Sverrir Mar lagði áherslu á að mannafl Austurbrúar verði nýtt til hins ítrasta við gerð umsókna um IPA-styrki. Aðrir stjórnarmenn sammála því en þó talið eðlilegt að leitað verði sérfræðiþekkingar ef þörf krefur enda um viðamikla umsóknir að ræða og stuttur tími til stefnu.

5. Innri málefni Austurbrúar og húsnæðismál

Sverrir Mar varpaði upp sýnishorni af þeim innri vef sem er nánast tilbúið til notkunar í Sharepoint umhverfinu. Sigrún Víglundsdóttir og Sigrún Lóa hafa unnið í þessu með Sverri og Austurnet séð um forritun. Stjórnin mun fá sitt svæði innan vefsins. Einnig er verið að koma upp IP-símkerfi hjá stofnuninni.

Valdimar greindi frá því að viðræður við ráðuneytin vegna húsnæðis væru á döfinni og að fulltrúar þeirra komi austur. Starfsfólk sem eru í Miðvangi 2-4 verður ekki flutt í Vonarland fyrr en húsnæðismál þar eru komin á hreint. Menningarfulltrúi getur þó flutt sig yfir í húsnæði Þróunarfélagsins.

6. Stefnumótun og hópefli

Valdimar minnti á góða kynningu frá fagraði á síðasta stjórnarfundum og brýningu fagraðs um að farið verði í markvissa stefnumótun. Setja þarf stefnumótun í ákveðið ferli og stjórn mun taka ákvörðun um aðgerðir á næstu vikum.

Samþykkt að stefna á hópefli starfsmanna og stjórnar í fyrstu viku nóvember þegar Dagar myrkurs standa yfir. Framkvæmdaráði falið að ræða nánari tímasetningu og staðsetningu við starfsfólk.

7. Umsóknir um stöðu framkvæmdastjóra

Alls sóttu 16 manns um stöðu framkvæmdastjóra. Fyrir fundinum lágu gögn um þá fimm sem röðuðust efst hjá Hagvangi. Samþykkt að setja tvo efstu í persónuleikapróf og taka þá í viðtöl í framhaldinu. Stjórn mun funda aftur í næstu viku vegna ráðningarmála.

8. Önnur mál

a) MAKE IT HAPPEN

Valdimar útbýtti gögnum um ráðstefnuna. Stjórnarmenn munu taka þátt í opnun og sitja ráðstefnuna eftir því sem þeir hafa tæk á næstu daga.

b) Kynning á Austurbrú föstudaginn 28. sept.

Von er á framkvæmdastjóra byggðamála ESB ásamt föruneysi í heimsókn til Egilsstaða föstudag 28. sept. Kristmundur Þór Ólafsson á fjármálasviði utanríkisráðuneytis hefur óskað eftir kynningu á Austurbrú fyrir hópinn. Sverrir Mar hefur tekið að sér að sjá um þá kynningu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.00.

Skúli Björn ritaði fundargerð

Valdimar O. Hermannsson

Sverrir Mar Albertsson

Anna Dóra Helgadóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Þórunn Eymundardóttir

Sigrún Blöndal